

Nd. **29. Frumvarp til laga** [29. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hól í Ölfusi í Árnessýslu.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja frú Markúsínu Jónsdóttur, ábúanda jarðarinnar Egilsstaða í Ölfusi, eyðijörðina Hól í Ölfusi í Árnessýslu fyrir það verð, er um kann að semjast eða ákveðið verður samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni frú Markúsínu Jónsdóttur, ábúanda jarðarinnar Egilsstaða í Ölfusi, en tún eyðijarðarinnar að Hóli liggur að jarðarmörkum Egilsstaða og hefur um áratugaskeið verið nytjað frá þeirri jörð.

Meðmæli oddvita Ölfushrepps eru fyrir hendi.

Fylgiskjal.

Hreppsnefnd Ölfushrepps mælir með því, að eiganda og ábúanda á Egilsstöðum í Ölfusi, Markúsínu Jónsdóttur, verði seld eyðijörðin Hól, sem er eign ríkisins og ein af jörðum Arnarbælistorfunnar.

Jörðin hefur ekki verið í ábúð um langan tíma, en nokkur hluti hennar (túnið) hefur verið nytjað frá Egilsstöðum. Tún jarðanna eru samliggjandi. Er því eðlilegt, að jörðin sameinist Egilsstöðum, enda Egilsstaðir seldir úr Arnarbælistorfunni á sínum tíma.

Gerðakoti, 9. apríl 1967.

Hermann Eyjólfsson,
oddviti Ölfushrepps.